

Tillaga íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals dags. 18. maí 2020 um smíðavöll í hverfið sumarið 2020:

Lagt er til að komið verði á fót smíðavöllum fyrir grunnskólanema í hverfinu sumarið 2020. Verkefnið getur verið hvort í senn atvinnuskapandi fyrir ungmenni á komandi sumri auk þess sem um uppbyggilega og jákvæða iðju væri að ræða fyrir börnin í hverfinu. Lagt er til að íþróttá- og tómstundasviði eða skóla- og frístundasviði verði falið að koma verkefninu á fót, hugsanlega í samstarfi við forsvarsmenn annars frístundastarfs í hverfinu.